

## Malbec<sup>1</sup>

Eldsnemma hvern laugardagsmorgun pakkaði mamma niður í tösku fyrir mig áður en hún fór á aukavakt í vinnunni. Þetta var alltof stór taska fyrir það sem hún taldi mig þurfa að taka með mér í skemmtigarðinn. Í hana fóru grænu baðfötin með hvítu tunglunum og gamla slitna brúna handklæðið sem hún hafði hætt að nota á baðherberginu. Í töskuna fóru einnig sandalarnir sem ég fékk í jólagjöf, gúmmíteygja í síða, hrokkna hárið mitt sem féll niður á bak og lítið hulstur með greiðu. Ég hefði líka viljað hafa sápu, sjampó og sólarvörn meðferðis en ég var svo hrædd við mömmu mína að ég þorði ekki að biðja um það. Hún var bara þannig. Á þessum tíma var hún þrjátíu og fimm ára og ég átta. Ef ég vogaði mér að biðja um einhvern óþarfa þegar við fórum í bæinn að versla átti hún það til að taka svo fast um lærið á mér að mar kom fram eftir alla fimm fingur hennar. Það þurfti ekki að vera annað en minnsta krús af ískurli eða *Jack*-súkkulaði, sem mig langaði svo mikið í af því að mér þótti gaman að safna litlu dýrunum sem leyndust í pakkanum. Oft þegar hún kom að mér þar sem ég lék mér með fallegustu dúkkuna mína, þessa sem talaði þegar ég togaði í snúru, hótaði hún að senda mig í heimavistarskóla ef ég togaði of fast. Vegna alls þessa kvartaði ég ekki út af töskunni. Mamma átti það til að kalla mig dekurdrós og græn augu hennar loguðu af bræði og skutu gneistum og fylltu mín af tárurum.

Ég fór í skemmtigarðinn með pabba. Á laugardögum lokaði hann varahlutaverslun sinni þrátt fyrir að mamma heimtaði að hann hefði opið. Við vorum ekki efnuð. Þess vegna fór hún í vinnuna og hann með mig í garðinn. Í sannleika sagt átti hann engra annarra kosta vól

---

1 Cristina Civalé, *Microfelicidad y otros relatos*, Buenos Aires: Milena Caserola, 2013, bls. 315-323.

en að taka mig með af því að þau gátu ekki skilið mig eina eftir heima. Það sem hann raunverulega vildi var að skilja mig eftir, spila *botsía* við vini sína og borða steik. Honum þótti léttsteikt bris með chimichurri-sósu<sup>2</sup> afar gott og hann bað mömmu reglulega um að útbúa chimichurri með mikilli myntu. Það gerði hún eftir að hafa undirbúið kvöldverðinn, á meðan hann sat og reykti filterslausar sígarettur. Chimichurri-sósan var stolt móður minnar. Hún geymdi hana í litlum glerflöskum undan hóstasaft. Hún fjarlægði einfaldlega merkimiðann og sótthreinsaði flöskurnar vandlega. Pabbi gekkst upp í því að monta sig af sósunni við vini sína, en öfugt við móður mína upplifðu þeirra eiginkonur frelsi þessa laugardaga sem eiginnmenn þeirra fóru í garðinn til að spila *botsía*.

Alla laugardaga upp úr klukkan tíu tókum við pabbi strætó sem stoppaði fimm húsaröðum frá blokkinni þar sem við bjuggum, í Lerma og Córdoba hverfinu við útjaðar Villa Crespo. Mamma hafði tekið strætó klukkan hálfátta til að fara á þessa aukavakt og auðvitað hafði hún pakkað í töskuna mína. Hún hafði líka lagt fötin sem ég átti að klæðast þennan dag á stólinn í herberginu mínu. Þegar hún gerði það fannst mér alltaf eins og litirnir pössuðu ekki saman og heildarmyndina skorti fágun. Hvorki ég eða pabbi náðum að kveðja hana þennan dag. Við sváfum enn og þessa daga hagaði hún sér eins og auðmjúk eiginkona og þorði ekki að vekja okkur. Það var alger undantekning þegar hún kom heim úr vinnunni og færði mér *Jack*-súkkulaði og lagði þannig sjálfviljug til hlut í safn mitt af plastdýrum.

Hvað strætóinn varðaði var stoppistöðin tíu húsaröðum frá garðinum og við þurftum að klöngrast yfir stokka og steina að ánni, því til þess að komast þangað þurfti líka að taka ferju. Garðurinn stóð við Tigre-ána og tilheyrði starfsmannafélagi vinnustaðar mömmu, banka, þar sem hún starfaði sem aðstoðarkona eins af framkvæmdastjórunum. Ég vissi aldrei nákvæmlega hvað hún gerði en hún eyddi nánast öllum dögum þar, frá mánudegi til laugardags frá átta að morgni til sjö að kveldi og eftir það sá ég hana varla þar sem hún fór að heimsækja móður sína og kom heim rétt í tíma til að

2 *Mojellas con chimichurri* er argentínskur kjötréttur. Hann er samsettur úr léttsteiktu brisi í sósu sem gerð er úr fersku kryddi, hvítlauk og olíu. [https://www.mbl.is/matur/frettir/2017/05/02/argentinsk\\_kjotsosa\\_sem\\_fer\\_vel\\_med\\_kroppinn/](https://www.mbl.is/matur/frettir/2017/05/02/argentinsk_kjotsosa_sem_fer_vel_med_kroppinn/)

útbúa kvöldverðinn, þvo diskana, búa til chimichurri-sósu og koma mér í háttinn.

Í skemmtigarðinum leið mér eins og ég hefði einhver áhrif. Risavöxnu svæðin sem lágu niður að Lujan-ánni, breiðu göngustígarnir umkringdir trjám, ferjan sem flutti okkur frá einum bakka að hinum. Tigulegu marmaratróppurnar, tennisvellirnir sem ég steig aldrei fæti á og bátarnir sem ég sigldi aldrei með. Fólkið sem sótti garðinn var ólíkt því sem ég átti að venjast og í augum barnsins var það fjarlægt, glæsilegt og óaðgengilegt vegna klæðaburðar og fágæðrar framkomu. Allt þetta hjálpaði mér að takast á við einmana-leikann sem þessar ferðir í garðinn fylltu mig. Þar átti ég enga vini, átti ekki samskipti við neinn og sat ein á bekk á meðan pabbi og vinir hans léku *botsía*, leik sem ég skildi aldrei almennilega. Ég skildi aldrei hvenær pabbi tapaði og hvenær hann vann. Og það merkilega var að honum fannst þetta ekkert skemmtilegt. En til þess að geta verið í þessum draumaheimi þoldi ég gjaldið sem það kostaði, einsemdina og skilningsleysið.

Þegar tími var kominn til að grilla, afhentu pabbi og vinir hans öðrum hópi völlinn og færðu sig yfir að grillunum. Sá úr hópnum sem hafði komið fyrstur hafði tekið það frá. Það var sjaldan sem faðir minn mætti fyrstur. Hópurinn settist við borðið og á meðan þeir gæddu sér á innmatnum, krydduðum pylsum, blóðpylsum og brisi, biðu þeir spenntir eftir steikinni og stundum fylgdi biti af lund. Það sem aldrei vantaði hins vegar voru tvær fimm lítra flöskur af rauðvíni. Innihaldið var þambað úr plastglösum og yfirleitt langaði þá í meira. Þeir voru ekki erfðir með víni, það versta sem gerðist var að þeir lentu í hávaðarifrildi um pólitík. Enginn lét hendur skipta, enginn kastaði upp og enginn varð sérlega árásargjarn. Ég borðaði hálfu pylsu og sat við hliðina á pabba og hlustaði á samræðurnar eða hrópin ef því var að skipta. Það var skemmtilegt, en stundum þegar þeir voru svona háværir í langan tíma skammaðist ég mín og sat þögul eins og gröfin og velti fyrir mér hvað allt þetta fágaða fólk í kringum okkur hugsaði um þessi niðurlægjandi hróp og köll.

Einn laugardaginn gat pabbi ekki leikið *botsía* þar sem enginn af félögum hans mætti í garðinn. Pabba fannst þetta mjög óþægilegt og reyndi að koma sér inn í aðra hópa sem voru að spila en það gekk ekki. Þetta voru lokaðir hópar og þeir vildu ekki hafa hann með.

Álútur beindi hann því athyglinni að grillinu og byrjaði að undirbúa steikina. Í þetta skiptið grillaði hann bara steik og tæmdi heila vínflösku. Ég elti hann hvert fótímál. Hann settist pirraður niður og hrinti mér frá sér þannig að ég missti jafnvægið og datt næstum á gólfið. Þegar ég gerði mér grein fyrir því að félagsskapur minn skapraunaði honum settist ég við borðið sem við höfðum valið þennan dag og beið eftir því að hann rétti mér minn bita af steikinni. Við borðuðum í þögn. Pabbi greip aðra flösku og fyllti plastglasíð sitt. Hann drakk næstum hálfu flösku í viðbót. Því næst féll hann sofandi fram á borðið eins og hann væri dauður. Fyrst brá mér en það varði aðeins í fáeinar mínútur því að þegar lágværar hrotur fóru að berast frá honum skildi ég að það var vínið sem hafði komið honum í þetta ástand meðvitundarleysis.

Mig langaði hvorki að hrísta hann eða kalla nafn hans til að vekja hann. Ég var alltaf hrædd við viðbrögð foreldra minna þegar ég óskaði einhvers. Svona svaf hann í tvo tíma á meðan ég virti hann fyrir mér með meiri skömm en ég upplifði yfir hrópunum sem stundum bárust frá vinahópnum. Ég sat eins og steingervingur þessar tvær klukkustundir og fylgdist með því hvernig fágæðri meðlimir starfsmannafélagsins gengu hjá og hvísluðust á um eitthvað sem ég ímyndaði mér að hafi verið um pabba minn, sem lá þarna fram á borðið. Þegar hann vaknaði greip hann um handlegginn á mér. Hann lét mig klæða mig í fötin yfir sundfötin og leyfði mér ekki að fara í skóna. Ég var þess vegna í sandölunum og það var erfitt að ganga yfir grjótið á óhentugum skónum á leiðinni að strætónum sem flutti okkur heim.

Eins og alla aðra laugardaga komum við heim um sjöleytið. Mamma hafði komið fyrr heim þennan dag og var að strauja fötin sem hún hafði þvegið í vikunni. Pabbi heilsaði henni með snöggum kossi á kinnina og hljóp beint inn á baðherbergi. Á bak við lokaðar dyrnar heyrðum við hann kasta upp. Mamma hélt áfram að strauja og lét sem hún heyrði ekkert en ég tók eftir því að hún sperrti eyrun við hvert hljóð sem barst frá baðherberginu. Í fjórða eða fimmta skiptið sem hann kastaði upp, leit hún á mig og spurði hvar taskan mín væri. Mér til mikillar skelfingar uppgötvaði ég að ég hafði gleymt henni við hliðina á borðinu þar sem pabbi hafði setið og drukkið, og tekið þennan blund sem hafði valdið mér meiri skömm

en nokkuð annað sem hann hafði gert í lífinu. Ég reyndi að stama út úr mér svari og útskýra hvað hafði gerst; vínið, blundurinn, snögg brottförin en mamma var þegar komin með hægri höndina yfir lærin á mér á meðan hún hvæsti:

„Vanþakkláta krakkaskömm. Það tók mig tvo laugardaga að vinna fyrir þessari tösku.“ Ég laut höfði og beit á jaxlinn til að þola högginn. Pabbi kom út af baðherberginu einmitt þegar mamma sló síðasta höggið.

„Ef þú ert slegin, sláðu þá fastar“ skipaði hann mér.

Umhugsunarlaust hlýddi ég honum og sló mömmu mína utan undir eins fast og ég gat. Hún varð eldrauð á kinninni, jafnrauð og fæturnir á mér. Mamma hörfaði undan mér. Ég veit ekki hvort hún var hissa eða skammaðist sín. Pabbi leit á hana og hvarf út um dyrnar. Mamma hélt áfram að strauja og af og til strauk hún vangann sem virtist aumur. Þennan dag kom pabbi óvenju seint heim.

Við fórum aldrei aftur í garðinn. Pabbi hætti að spila *botsía* og hóf að hafa opið í versluninni á laugardögum. Mamma hélt áfram að vinna yfirvinnu en nú tók hún bara hálfar vaktir. Hvað mig varðar hafði mamma varla fengið fyrstu launin eftir atvikið með löðrunginn þegar hún færði mér tösku, alveg eins og þá sem ég hafði týnt. Það sama kvöld henti ég henni í ruslið. Með öllu sem í henni var.

*Hólmfríður Garðarsdóttir þýddi úr frummálinu*